

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík 04. júlí 2003  
2003070003/016-0  
JGO/ph

## Ályktun Búnaðarþings um tjón af völdum álfta

Vísað er til erindis ráðuneytisins, dags. 26. júní sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á ályktun Búnaðarþings um tjón af völdum álfta.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir þá fullyrðingu Búnaðarþings að fyrir liggi að álftum sé að stórfjölgja. Íslenski álftastofninn hefur aðallega vetursetu á Bretlandseyjum en einnig að litlu leyti hér á landi og í Skandinavíu. Vetursetufuglar hafa verið taldir á 5 ára fresti frá 1986 og auk þess liggja fyrir eldri talningar og mat á stofninum allt aftur til 1960.

Víst má telja að álftum hafi fjölgað á undanförunum áratugum, en erfitt er að segja um hvort aukning hafi orðið í stofninum á síðustu tveimur áratugum. Niðurstöður síðustu talninga eru eftirfarandi:

1986: 17 þúsund fuglar

1991: 18 þúsund fuglar

1995: 16 þúsund fuglar

2000: 21 þúsund fuglar (hugsanlega eru einhverjir varpfuglar frá Skandinavíu inni í þessari tölu).

Þessar talningar hafa verið túlkaðar af sumum á þann hátt að stofninn sé vaxandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er of snemmt að fyllyrða um hvort svo sé, þótt ýmislegt bendi til hægfara vaxtar. Skekkjur eru ávallt nokkrar í slíkum talningum, bæði tvítalningar og einnig missa menn af fuglum. Þá hafa ferðir fugla frá Íslandi til Skandinavíu og varpfugla frá Skandinavíu til Bretlands gert mönnum erfiðara fyrir um að meta og túlka niðurstöður. Það er því skoðun Náttúrufræðistofnunar að álftastofninn hafi lítið breyst undanfarin 15-20 ár eða í það minnsta vaxið afar hægt. Hugsanlegt er hins vegar að dreifing fugla og háttalag hafi breyst á þessum tíma og því séu fuglar meira áberandi sums staðar en áður.

Varðandi fullyrðingu Búnaðarþings um tjón af völdum álfta telur Náttúrufræðistofnun Íslands að nauðsynlegt sé að gerð verði úttekt á meintu tjóni, en það hefur ekki verið gert.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst á þessu stigi málsins gegn því að heimilaðar verði takmarkaðar og staðbundnar veiðar á álft sem heldur sig á túnnum og ökrum.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS